

VEÐURSTOFA ÍSLANDS



ÁRSSKÝRSLA

2003-2004

EFNISYFIRLIT

- 3 Ávarp veðurstofustjóra
- 4 Veðurathugunarstöðvar — jarðvöktunarkerfi
- 5 Tíðarfarsyfirlit
- 6 Stefnumótun og nýtt skipurit
- 8 Veðurathugunarstöðin á Hveravöllum
- 9 Uppfærsla á veðursjá Veðurstofunnar
- 10 Ofanflóðahættumat
- 12 Hitakort af Íslandi
- 14 Samfelldar GPS-mælingar á jarðskorpuhreyfingum
- 16 Spádeild — sífelld vöktun á veður- og jarðvá
- 18 Rekstraryfirlit
- 20 Starfsmenn
- 21 Fundir — Rit — Erindi
- 27 Summary in English



Árskýrsla Veðurstofu Íslands 2003-2004

Umsjón: Barði Þorkelsson

Prentun: Gutenberg

Forsíðumynd: Horft yfir Eyrarfjall norðan Önundarfjarðar úr suðaustri. Snjóvarnargarðar ofan Flateyrar sjást vel neðarlega til vinstri á myndinni (ljósm.: Oddur Sigurðsson).

Gefið út í desember 2005

Í árslok 2004 lauk 85. starfsári Veðurstofu Íslands. Mikilvægi starfsemi hennar hefur líkt og meðal annarra veðurstofa heimsins aldrei verið meira. Vöktun á veðri, ofanflóðum jarðskjálftum, eldsumbrotum og öðrum tegundum náttúruvávar er stór liður í öryggismálum þjóðarinnar og þar gegnir Veðurstofan lykilllutverki. Samgöngur, ferðamennska, byggingariðnaður, að ekki sé talað um starfsemi í sjávarútvegi og landbúnaði, mótast hér á landi meira en í flestum öðrum tæknivæddum löndum af hegðan náttúruafla, ekki síst í veðri og veðurfari. Því skiptir áreiðanleiki og hraði upplýsingamiðlunar um þessa þætti miklu máli. Veðurstofa Íslands hefur reynt eins og unnt er að uppfylla sífellt meiri kröfur sem gerðar eru til stofnunarinnar. Það er hins vegar ekki alltaf einfalt á tímum aukins aðhalds í fjárveitingum ríkisins og krafna um hagræðingu.

Segja má að tvö meginatriði hafi mótað rekstur Veðurstofunnar á árunum 2003 og 2004. Annars vegar var ráðist í verulegar skipulagsbreytingar sem tóku formlega gildi í upphafi árs 2004 í kjölfar ítarlegrar stefnumótunar síðla árs 2003. Hins vegar var gripid til umfangsmikilla hagræðingaradgerða sem m.a. leiddu til þess að ársverkam á stofnuninni fækkaði á þessum árum um meira en 10%. Með þessum aðgerðum, ásamt því að stjórnvöld ákváðu að létta stærstum hluta af uppsöfnuðum rekstrarhalla fyri ára af stofnuninni, tókst að bæta fjárhagsafkomu hennar og koma rekstrinum í jafnvægi.

Um stefnumótun og skipulagsbreytingar og aðdraganda þeirra er fjallað á öðrum stað í þessari skýrslu. Hvað varðar hagræðingaradgerðir munaði mest um að lögð voru niður eða ekki endurráðið í sjö störf á stofnuninni í Reykjavík, auk þess sem hætt var mönnum veðurathugnum á 13 veðurstöðvum, þar með talið á Hveravöllum á Kili. Á móti kom að stofnuð voru útibú Veðurstofunnar á Ísafirði og Akureyri, það fyrrnefnda með sérstökum stuðningi stjórnvalda. Mun einkum verða unnið að snjóflóðarannsóknnum á Ísafirði en jarðskjálftarannsóknnum á Akureyri. Tekur Veðurstofan þannig þátt í þeirri viðleitni stjórnvalda að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, en þess má geta að um 40% ársverka á Veðurstofunni eru unnin utan höfuðborgarsvæðisins.

Í árslok 2004 samþykkti Alþingi lög um veðurþjónustu en í þeim er hlutverk þess opinbera og starfsemi Veðurstofunnar á sviði veðurþjónustunnar mun betur skilgreint en áður. Með þessari lagasetningu eru einnig skapaðar eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í veðurþjónustu, en slík starfsemi fer nú fram í vaxandi mæli á markaði beggja vegna Atlantshafsins. Með lagasetningunni er lögð megináhersla á að laga hina opinberu veðurþjónustu að stefnu stjórnvalda um viðtækara aðgengi almennings að alls kyns gögnum og upplýsingum sem opinberar stofnanir safna eða framleiða.

Faglega þokaði ýmsu nokkuð fram á Veðurstofunni þrátt fyrir þröngan rekstrarramma. Veðurþjónusta var aukin bæði á heimasíðu stofnunarinnar, www.vedur.is og í textavarp RÚV, en almenningur notfærir sér nú þessa miðla mest ásamt sjónvarpi til að afla sér upplýsinga um veður. Ýmis sérþjónusta og ráðgjöf var aukin og bætt og er reynt að nýta nýjustu tækni í upplýsingamiðlun til að koma til móts við notendur. Góður árangur náðist

í vöktun á óveðrum, snjóflóðum, jarðskjálftum og eldgosum sem urðu á tímabilinu og hafa þau kerfi sem Veðurstofan hefur komið upp á síðustu árum reynst vel. Góður tækjabúnaður og gott skipulag ásamt þekkingu og færni starfsmanna eru mikilvægustu þættir slíkra vöktunarkerfa.

Veðurstofan hefur í samvinnu við ýmsa innlenda sem erlenda aðila unnið að margvíslegum rannsóknar- og þróunarverkefnum. Flest eru þau tengd þeirri viðleitni stofnunarinnar að auka gæði þeirrar starfsemi sem stofnunin sinnir og hagræða í ýmsum verkþáttum. Má í þessu sambandi nefna verkefni sem miðar að því að framleiða tölvureiknaðar veðurspár í landfræðilega hárrí upplausn, verkefni sem lýtur að nákvæmari kortlagningu á veðurfari landsins og breytingum á því og verkefni sem veitir almennings, stofnunum og hinu alþjóðlega vísindasamfélagi betri aðgang að rauntímaupplýsingum um jarðvá hvers konar. Loks má nefna að Veðurstofan tekur þátt í nokkrum stórum alþjóðlegum verkefnum sem styrkt eru af vísindasjóðum ESB, einkum á sviði jarðskjálftarannsóknna. Hefur starfsemi Veðurstofunnar á því sviði vakið athygli meðal annarra þjóða utan Evrópu svo sem Kínverja og Indverja. Þrátt fyrir þetta er rannsóknarstarfsemi Veðurstofunnar allt of lítil miðað við þarfir og aðstæður og er hún hlutfallslega miklu minni en á veðurstofum grannlanda okkar, t.d. Norðurlanda.

Helstu verkefni Veðurstofunnar framundan eru tengd gæðamálum, en alþjóðleg krafa er um að starfsemi veðurstofa verði gæðavottuð. Þar er veðurþjónusta við flugið efst á lista og hefur Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) sett fram óskir um að slíkri gæðavottun verði komið á fyrir lok árs 2006. Innan Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) er einnig unnið að því að gæðavottun nái til allrar starfsemi veðurstofanna. Ísland, sem á aðild að báðum þessum alþjóðastofnunum, hefur því skyldum að gegna gagnvart þeim. Einnig eru miklir hagsmunir landsins í húfi þar sem ICAO greiðir Veðurstofunni um 150 millj. kr. á ári fyrir veðurþjónustu við alþjóðaflug á Norður-Atlantshafi. Það er hins vegar stórt verkefni og dýrt að ná fram gæðavottun á alla starfsemi stofnunar eins og Veðurstofunnar og til þess þarf bæði mannauð og fjármuni. Stendur stofnunin vel að vígi með hæft og metnaðarfullt starfsfólk, enda verði henni skapaðar fjárhagslegar aðstæður til að koma slíku verkefni í kring.




Magnús Jónsson veðurstofustjóri (ljósm.: Ljósmyndir Rutar).

Veðurathugunarstöðvar í árslok 2004




Jarðvöktunarkerfi í árslok 2004



Tíðarfarsyfirlit 2003



Árið 2003 er meðal 3 til 4 hlýjustu ára sem komið hafa hér á landi frá upphafi mælinga. Nokkuð er misjafnt eftir landshlutum hvort það er hlýjasta, næsthlýjasta eða þriðja hlýjasta ár sem vitað er um. Janúarmánuður var fremur hlýr og í þurrara lagi. Mikil hlýindi voru fram yfir miðjan mánuð en síðan gerði kuldakast. Hlýindi voru um allt land í febrúar, úrkoma víða talsvert umfram meðallag og nokkuð vindasamt var um tíma. Mjög hlýtt var í marsmánuði, en nokkuð úrkomusamt um sunnanvert landið. Veturinn í heild var mjög hlýr á landinu, í Reykjavík og Stykkishólmi sá þriðji hlýjasti frá upphafi mælinga, aðeins 1964 og 1929 voru hlýrri, mest munaði um fátæma hlýjan desember. Óvenju snjólétt var um land allt. Mikil hlýindi voru um allt land í apríl og mánuðurinn almennt sá næsthlýjasti frá upphafi mælinga, aðeins 1974 var hlýrri. Hitamet voru

slegin víða um land um og eftir miðjan mánuðinn. Mestur mældist hitinn á sjálfvirkri stöð á Hallormsstað þann 19. 21,4°C og á Sauðanesi mældist hitinn 21,1°C þann 18. Maí var í meðallagi. Júnímánuður var mjög hlýr um allt land og var víða mjög vætusamt á sunnan- og austanverðu landinu. Júlí- og ágústmánuðir voru einnig mjög hlýir, ágúst sá hlýjasti í Reykjavík síðan samfelldar mælingar hófust. Mánuðurinn var einnig hlýjasti ágúst sem komið hefur í Stykkishólmi og Vestmannaeyjum. Mánuðirnir júní til ágúst voru samtals þeir hlýjustu í Reykjavík frá upphafi mælinga (12,1°C). Mjög góð tíð var um land allt fyrri hluta september og var hiti þá u.þ.b. tveimur til þremur stigum ofan meðallags. Síðan kólnaði verulega og kalsaveður var um tíma. Þá snjóaði t.d. óvenju víða um norðanvert landið og varð jörð m.a. alhvít á Akureyri að morgni þann 18., en ekki hefur orðið alhvítt þar svo snemma hausts síðan 1940. Þurrviðrasamt var í október, en hitafar nokkuð kaflaskipt. Í nóvember var tíð talin hagstæð um mikinn hluta landsins. Fremur kalt var fyrstu dagana og var þá nokkur snjór sums staðar um landið norðanvert, en önnur vika mánaðarins var hins vegar óvenju hlý. Desember var fremur hlýr en úrkomusamur.



Tíðarfarsyfirlit 2004

Árið 2004 var hlýtt um land allt, í flestum landshlutum hið fimmta til áttunda hlýjasta frá upphafi mælinga. Árið var þó yfirleitt um hálfu stigi kaldara en árið 2003. Að slepptu því ári þarf að fara 4 til 6 áratugi aftur í tímenn til að finna jafn hlý ár eða hlýrri. Í Reykjavík var árið hið níunda í röð þar sem hiti er yfir meðallaginu 1961 til 1990, en á Akureyri hið sjötta. Sé meðalhiti síðustu 5 ára í Reykjavík reiknaður, kemur í ljós, að þetta er hlýjasta 5 ára tímabil sem vitað er um frá upphafi samfelldra mælinga, hið sama á við um síðustu 4, 3 og 2 árin tekin saman. Aðeins vantar 0,2°C upp á að síðustu 10 árin nái fyrri hlýjasta 10 ára tímabili hvað hita snertir. Meðaltal síðustu 5 ára á Akureyri er einnig hærra nú en vitað er um áður, en þar er meðaltal árána 1933 og 1934 (saman) lítillaga hærra en meðaltal 2003 og 2004. Úrkoma í Reykjavík var um 17% umfram meðallag, en 9% á Akureyri. Hiti í janúar var nærri meðallagi á landinu, snjóþungt var um tíma um miðbik Norðurlands, en snjólétt í öðrum landshlutum. Í febrúar var hiti ofan meðallags en veður var nokkuð umhlepingsamt og sums staðar á Vestfjörðum og á Norður- og Austurlandi var snjóþungt fram yfir miðjan mánuð. Mars var mjög hlýr og nokkuð vindasamur, ár voru víða vatnsmiklar framan af mánuðinum sökum úrkomu og leysinga. Tíðarfar í apríl var hagstætt um land allt, en maímánuður var fremur kaldur framan af, en síðasta vikan þó óvenju hlý um mikinn hluta landsins. Sólarlítið var norðanlands. Tíðarfar í júní, júlí og ágúst var hlýtt og hagstætt um allt land og í annarri viku ágústmánaðar gerði mjög óvenjulega hitaþylgju. Hennar gætti einkum um sunnan- og vestanvert landið og inn til landsins í öðrum landshlutum. Hitamet féllu víða, m.a. 113 ára gamalt hitamet í Reykjavík, en hiti komst þar í 24,8°C þann 11. Hitabylgjan var ekki síst óvenjuleg fyrir það hversu marga daga hún stóð og fór hiti yfir 20°C í Reykjavík fjóra daga í röð, en ekki er vitað til þess að slíkt hafi gerst áður. Á Egilsstaðaflugvelli mældist hámarkshitinn 29,2°C þann 11. og er ekki vitað um jafn háan hita hér á landi í ágústmánuði. Sólríkt var á landinu í ágúst og hefur ekki mælst svo mikið sólskin í ágúst í Reykjavík síðan 1960 og á Akureyri hefur aldrei mælst jafn mikið sólskin í mánuðinum. September var nokkuð hlýr, en úrkomusamt var og fremur sólarlítið. Tíð var nokkuð umhlepingsöm í október, m.a. gerði snörp norðanáhaup bæði þann 3. til 5. og 17. til 20. Í báðum tilvikum urðu skaðar á landi. Hiti í Reykjavík fór nú niður fyrir meðallag í fyrsta sinn eftir 30 mánaða samfelldan tíma yfir meðallagi, en þó munaði aðeins 0,1°C. Nóvember var nokkuð umhlepingsamur á landinu og hitasveiflur miklar. Desember var mjög umhlepings- og úrkomusamur, en hiti ekki fjarri meðallagi.



STEFNUMÓTUN OG NÝTT SKIPURIT

Við upphaf árs 2004 tók nýtt skipurit gildi á Veðurstofunni. Var það afrakstur stefnumótunar sem fram fór síðari hluta árs 2003. Aðdraganda þeirrar vinnu má einkum rekja til eftirfarandi atriða:


- Úrskurðar Samkeppnisstofnunar frá 1. maí 2002 um stöðu Veðurstofunnar á veðurþjónustumarkaði.
- Stjórnsýsluskýrslu Ríkisendurskoðunar um Veðurstofu Íslands frá 1. júní 2003.
- Breytinga í alþjóðlegu rekstrarumhverfi veðurstofa síðustu árin.
- Stefnu stjórnvalda um meiri hagræðingu í rekstri ríkisstofnana.

Meginatriði í úrskurði Samkeppnisstofnunar var að koma þyrfti á aðskilnaði milli samkeppnisreksturs og annarrar starfsemi Veðurstofunnar og skapa þannig skilyrði til jafnræðis milli einkafyr-

verk og rekstur veðurstofa í breyttum heimi (Role and Operation of National Meteorological Services) og var það að nokkru leyti haft til hliðsjónar við stefnumótunina nú. Þá hafa orðið gríðarmiklar breytingar í ríkisrekstrinum og áherslum íslenskra stjórnvalda á síðasta áratug og eru því bæði faglegar og rekstrarlegar kröfur til stofnana nú allt aðrar en var fyrir áratug eða svo.

Vinnan við stefnumörkunina hófst formlega í september 2003 og fól í sér alla venjubundna þætti slíkrar vinnu. Í kjölfar greiningar á stöðu stofnunarinnar með þátttöku um 40 starfsmanna tók til starfa sérstakur stýrihópur sem skipaður var veðurstofustjóra, Margréti Jónsdóttur viðskiptafræðingi, Páli Halldórssyni eðlisfræðingi og Trausta Jónssyni veðurfræðingi ásamt sérfræðingum frá IMG Deloitte, þeim Jóni Gunnari Aðils og Kristjáni Kristjánssyni, en þeir voru fengnir til

STJÓRNSKIPULAG VEÐURSTOFU ÍSLANDS



irtækja og Veðurstofunnar á veðurþjónustumarkaði. Helstu niðurstöður úr stjórnsýsluskýrslu Ríkisendurskoðunar voru að styrkja þyrfti stefnumótun fyrir Veðurstofuna bæði af stjórnendum hennar og stjórnvöldum. Einnig væri nauðsynlegt að endurskoða skipurit og verkaskiptingu innan stofnunarinnar auk þess sem taka þyrfti á innri samskipta- og stjórnunarvanda á stofnuninni.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í umhverfi og hlutverki veðurstofa síðan 1994 er skipuriti Veðurstofu Íslands var síðast breytt. Árið 2003 sendi framkvæmdastjórn Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) frá sér leiðbeinandi stefnumótunarskjal um hlut-

ræðgjafar við stefnumótunina. Mestum hluta vinnunnar var lokið í byrjun desember og var þá nýtt skipurit kynnt starfsmönnum Veðurstofunnar. Þar sem gamla skipulaginu var kastað fyrir róða voru öll störf yfirmanna í því lögð niður en nýjar stöður auglýstar innan stofnunarinnar. Ráðið var í stöður yfirmanna nýja skipuritsins, þ.e. þrjú sviðsstjóra og sex fagdeildarstjóra. Mynda sviðsstjórar ásamt veðurstofustjóra framkvæmdastjórn stofnunarinnar en á fagsviðunum tveimur bera þrjár deildarstjórar á hvoru sviði ábyrgð á faglegum þáttum í starfseminni.

Hlutverk og tilgangur Veðurstofu Íslands er að

- vakta, greina, upplýsa, rannsaka, veita ráðgjöf og spá fyrir um hegðan náttúrunnar og náttúruvá (veður, ofanflóð, vatnsflóð, jarðhræringar, eldgos, eldingar, hafís).
- tryggja söfnun og vörslu gagna og þekkingar um langtímaþróun veðurfars og annarra umhverfisþátta, sem eru á forræði stofnunarinnar.

með aukið öryggi einstaklinga og hagkvæmni samfélagsins að leiðarljósi.

Stefna Veðurstofunnar hvílir á þremur meginstöðum. Í fyrsta lagi að skilgreina **hlutverk og tilgang** stofnunarinnar í því umhverfi sem hún starfar í, í öðru lagi að skilgreina þau **gildi** sem hún starfar eftir og í þriðja lagi að marka **framτίðarsýn** stofnunarinnar til ákveðins tíma. Í því sambandi var miðað við að Veðurstofan gæti á árinu 2007 verið kominn í hóp þeirra stofnana sem talist gætu til fyrirmyndar í ríkisrekstrinum.

Gildi Veðurstofunnar eru:

- **Áreiðanleiki**
Áreiðanleiki felst í því að fagleg umfjöllun, spár, aðvaranir og ráðgjöf séu eins góð og þekking og tækni framast leyfa á hverjum tíma.
- **Samstarf**
Samvinna starfsmanna er höfð að leiðarljósi þannig að þekking, hæfni og reynsla þeirra nýtist eins og kostur er. Hver og einn er metinn að verðleikum.
- **Sköpunarkraftur**
Sköpunarkraftur virkjar frumkvæði, leitar nýrra leiða á breytingatímum og vinnur gegn stöðnun.

Við gildistöku nýs skipurits var lögð áhersla á að framkvæmdastjórn og fagdeildarstjórar ynnu saman að því að skilgreina helstu forgangsverkefni stofnunarinnar til næstu ára. Einnig var náð samstarf haft við umhverfisráðuneytið um þá þætti sem lúta að almennri stefnu stjórnvalda í þeim málaflokkum sem Veðurstofan fer með. Til þess að tryggja eins faglega málsmeðferð og unnt

er innan stofnunar var ákveðið að mynda svokölluð fagteymi sem hafa það hlutverk að gera tillögur til framkvæmdastjórnar um stefnu og áherslur í stærri málaflokkum á stofnuninni. Í árslok 2004 störfuðu eftirtalin teymi: veðurathugunarteymi, snjóflóðateymi, tölvuteymi og vefteymi. Hefur þessi skipan mála gefið góða raun.

Framtíðarsýn Veðurstofu Íslands er að á árinu 2007

- verði hún vel rekin og öflug þjónustu- og rannsóknarstofnun.
- hafi henni verið falin ný og aukin verkefni á sviði vöktunar og þekkingaröflunar á náttúru landsins.
- reki hún samræmda bráðavöktun og hafi tiltækar viðbragðsáætlanir sem ná til veðurs, jarðhræringa, ofanflóða, vatnsflóða, eldgosa og annarrar náttúruvár.
- verði hún í ríkara mæli en áður ráðgjafar- og vottunaraðili fyrir sambærilega starfsemi annarra stofnana og fyrirtækja.
- verði hún orðin meginmiðstöð þekkingar á hættumati á öllum sviðum náttúruvár.
- verði almenn þjónusta og gagnasöfn hennar aðgengileg hverjum sem er, hvar sem er og hvenær sem er, eins og tækni gefur þá tilefni til.
- hafi hún eflst sem vísindastofnun.
- verði hún eftirsóknarverður og góður vinnustaður.

Ljóst er að nauðsyn bar til að gera þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi og verklagi á Veðurstofunni í ársbyrjun 2004 og hafa þær breytingar í meginatriðum gengið vel. Jafnljóst er einnig að stefna og skipulag þarf að vera í sífelldri endurskoðun og breytingar eru eðlilegur hluti af því umhverfi sem stofnanir starfa í. Stefna stjórnvalda skiptir að sjálfsögðu miklu máli og nú er unnið að endurskoðun á skipan Stjórnarráðsins sem einnig kallar á endurskoðun á skipulagi stofnana ríkisins. Stefnt er að fækkun og stækkun ríkisstofnana og hefur Veðurstofan m.a. komið að umræðu um skipan veðurmælingamála annarra stofnana svo og málefnum vatnafræðinnar hér á landi. Veður- og vatnafræði heyrar alþjóðlega undir sömu stofnun (WMO) og víða um lönd eru þessir málaflokkar undir sömu stofnuninni. Hvað hér gerist skal ósagt látið, en víst er að stofnanir eins og Veðurstofa Íslands þurfa stöðugt að vera tilbúnar að takast á við ný verkefni og nýtt skipulag.

VEÐURATHUGUNARSTÖÐIN Á HVERAVÖLLUM



Yfirlitsmynd af Hveravöllum (ljósm.: Sigvaldi Árnason).

Mönnun á veðurathugunarstöð Veðurstofunnar á Hveravöllum á Kili var hætt snemma sumars 2004. Þá höfðu athugunarmenn verið þar samfelld að störfum í nær 39 ár eða frá mánaðamótum september-október 1965. Mörgum var eftirsjá í þessari einu mönnuðu veðurathugunarstöð stofnunarinnar í óbyggðum, en meginástæða þess að rekstrinum var hætt var erfið fjárhagsstaða stofnunarinnar, en kostnaður við reksturinn nam talsvert á annan tug millj. kr. á ári.

Haustið 1963 samþykkti vísindasjóður Norður-Atlantshafsbandalagsins (NATO) umsókn Veðurstofunnar um styrk til byggingar veðurstöðvar á hálendi Íslands gegn því að íslensk stjórnvöld legðu til fé á móti. Áhugi hafði þá lengi verið á að koma upp slíki stöð og var nú ákveðið að stöðinni yrði komið upp á Hveravöllum.

Undirbúningur að hönnun stöðvarinnar hófst sumarið 1964, en byggingarframkvæmdir hófust í júlíbyrjun 1965 og lauk rúmum þremur mánuðum síðar. Hófst því rekstur stöðvarinnar á haustdögum 1965. Stöðin stóð á Breiðmel í rúmlega 640 m hæð yfir sjávarmáli og var lengst af eina veðurstöðin á hálendi landsins, ef frá er til talinn rekstur heils árs athugunarstöðva í Nýjabæ og síðar Sandbúðum á Sprengisandsleið á árunum 1972-1978 og sumarstöðva við nokkra ferðamanskála.

Veðurathugunarmenn voru einatt ráðnir til eins árs í senn, en fyrstu athugunarmennirnir voru Ingibjörg Guðmundsdóttir og Björgvin Ólafsson. Síðsumars 1966 tóku Hulda Hermóðsdóttir og Kristján Hjálmarsson við og gerðu athuganir í 5 ár, lengst allra. Alls hafa 17 pör, hjón eða sambúðarfólk, haft vetursetu á Hveravöllum á þessu 39 ára tímabili. Afleysingafólk í sumarleyfum hefur síðan að jafnaði komið úr röðum starfsmanna Veðurstofunnar í Reykjavík. Síðustu fjögur árin voru athuganir í höndum Kristínar Björnsdóttur og Hafsteins Eiríkssonar.

Verkefni Hveravallastöðvarinnar voru fjölbætt. Megintilgangurinn var frá upphafi að kanna veðurfar á miðhálandinu og árangurinn er sá að nú er handbær staðgöð þekking á því. Síðar jókst gildi stöðvarinnar fyrir daglega veðurþjónustu vegna mikill-



Nokkrar gerðir af úrkomumælum í rannsóknarreit (ljósm.: Flosi Hrafn Sigurðsson).

ar og vaxandi umferðar um hálendið sem kallaði á sérstakar veðurspár fyrir miðhálandið og aukna upplýsingaþjónustu um veðrið á þeim slóðum.

Vegna sérstöðu Hveravallastöðvarinnar var kostað kapps um að gera þar sem fjölbreyttastar athuganir og mælingar, mun umfangsmeiri en á almennum veðurskeytastöðvum. Veðurathuganir voru gerðar á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn og veðurskeyti send til Reykjavíkur. Fyrstu tvo áratugina voru þau send um talstöð, en einungis þrisvar og síðan fjórum sinnum á sólarhring og þá að deginum vegna mikilla truflana í talstöðvarsambandi á nóttunni. Þetta breyttist sumarið 1984 þegar farsími kom til Hveravalla, en þá var hægt að senda skeyti strax að lokinni hverri athugun um móttökustöð Landssímans á Práandarhlíðarfjalli.

Auk fjölbreytilegra veðurathugana (mælinga á lofthita, lágmarkshita við jörð, jarðvegshita, loftraka, loftþrýstingi, vindátt, vindhraða, úrkomu, sólgeislun, sólskinsstundum og jarðvegshita, auk lýsingar á veðri og athugana og mati á skyggni, skýjahulu, skýjagerðum, skýjahæð, jarðlagi o.fl.) voru gerðar ýmsar sérmælingar á Hveravöllum. Má þar nefna víðtækar snjóþarmælingar við 37 snjóþarmælistangir, mælingar á eðlismassa snævar og á ísingu á ísingargrindum. Þá var jarðskjálftamælir settur upp haustið 1974, en hann leystur af hólmi síðsumars 1996 af staf-rænum mæli sem tengdur er SIL-jarðskjálftamælikerfinu. Í nokkur ár fóru fram norðurljósaathuganir á Hveravöllum í samvinnu við Raunvísindastofnun Háskólans. Þá hefur verið gerður samburður á hitamælaskýlum og samburður úrkomumæla. Um nokkurt skeið var gerð sérstök könnun á skafrenningi og snjóöfnun og sjálfvirkir snjóþarmælar prófaðir. Loks var sett upp sjálfvirk veðurstöð á Hveravöllum 1996 með lofthitamæli, vindmæli og úrkomumæli.

Þótt mannaða veðurathugunarstöðin á Hveravöllum hafi verið lögð niður er mælingastarfsemi Veðurstofunnar á Hveravöllum síður en svo lokið. Jarðskjálftamælingum og sjálfvirkum veðurathugunum er haldið áfram og jókst mikilvægi sjálfvirku veðurstöðvarinnar verulega þegar sú mannaða hætti. Þá voru í samvinnu við Vegagerðina settar upp veðurmyndavélar haustið 2004. Hafa verður í huga að víða eru sjálfvirkar veðurstöðvar að koma í stað mannaðra auk þess sem nú eru tugir slíkra veðurstöðva starfræktar á hálendi landsins, en árið 1965 voru Hveravöllir eina veðurstöðin á öllu þessu víðfema svæði landsins eins og áður hefur komið fram.



Flosi Hrafn Sigurðsson, yfirmaður veðurathugunarstarfsemi Veðurstofunnar á árunum 1956 til 1998. Hann átti mikinn þátt í að Hveravallastöðinni var komið á laggirnar í byrjun og var yfirmaður stöðvarinnar allan starfstíma sinn síðan. Að öðrum ólöstuðum var engum meira að þakka hversu rekstur stöðvarinnar gekk snurðulítið við erfið skilyrði og hversu góðum faglegum árangri hún skilaði. (Ljósm.: Ljósmyndir Rutar).

UPPFÆRSLA Á VEÐURSJÁ VEÐURSTOFUNNAR

Í maí 2004 var lokið við að uppfæra hugbúnað fyrir veðursjá (ratsjá) Veðurstofunnar á Miðnesheiði. Veðursjái, sem keypt var af fyrirtækinu L. M. Ericsson árið 1990, hefur þjónað stofnuninni með ágætum síðan, en notaður hefur verið upphaflegur hugbúnaður fram að þessu.

Við kaupin á búnaðinum var horft til framtíðar að því leyti að hugbúnaðarframleiðandinn AMS Gematronik er einn helsti framleiðandi veðursjáa í heiminum í dag og því mun verða auðvelt að fá uppfærslur á búnaðinn og aðrar nýjungar. Einnig mun búnaðurinn auðveldlega nýtast Veðurstofunni þegar veðursjám fjölgar á landinu, en það er von stofnunarinnar að í náinni framtíð verði unnt að bæta veðurvöktunina með annarri veðursjá, t.d. á Norðausturlandi. Nýi hugbúnaðurinn, sem byggist á LINUX stýrikerfi, er á allan hátt liprari í notkun en sá gamli og möguleikar á afurðum talsvert meiri. Ennfremur eru frumgagnaskrár nú á mun aðgengilegra formi en áður og möguleiki til rannsókna því annar og betri.

Veðursjái, sem er svokölluð C-band ratsjá, sendir út bylgju-púlsa sem hafa tíðnina 5,6 GHz. Þeir endurkastast síðan af vatnsdropum og ískristöllum í loftinu. Endurkastið er mælt, bæði tíminn og styrkurinn, og fást þá upplýsingar um fjarlægð og magn dropa í loftinu. Púlsarnir eru um 0,9° víðir og fjöldi þeirra gefur upplausn sem nemur 2 km og 480 km drægni. Vegna sveigju yfirborðs jarðar er ekki raunhæft að skoða veðurfrýrþæri í meiri fjarlægð en í um það bil 240 km og er hugbúnaðurinn því að jafnaði stilltur þannig.


Mikilvægt er að veðursjái gefi veðurfræðingnum sem mestar upplýsingar. Þess vegna er að jafnaði búin til þrívíddarmynd af loft-hjúpnunum á 15 mínútna fresti. Ratsjái er látin kanna umhverfið út í 240 km fjarlægð, fyrst næstum lárétt en síðan er skannað níu sinnum til viðbótar með sívaxandi halla. Þannig fást nægar upplýsingar

til að búa til þrívíða mynd af því sem veðursjái skynjar á svæðinu — fjarlægð og stefnu endurkastsins, hæð þess yfir jörðu og styrk. Þessar upplýsingar eru geymdar á tölvutæku formi og getur veðurfræðingurinn því auðveldlega skoðað þróun og hreyfingu úrkomu-svæðanna með hinum nýja hugbúnaði. Auðvelt er að stilla inn aðrar lotur, t.d. á 5 mínútna fresti, ef þurfa þykir. Upplýsingar frá veðursjái nýtast best við skammtíma veðurspár (1-6 klukkustundir) og auka mjög á nákvæmni þeirra. Veðursjargögnin nýtast núorðið einnig vel sem upphafsgögn í meðaldrægum veðurspálíkönunum Á Norðurlöndum og víðar er verið að koma upp samtengdum ratsjárkerfum sem þekja löndin og aðliggjandi hafsvæði að fullu.

Með nýja búnaðinum opnast einnig möguleikar á að nota veðursjái til að mæla úrkomumagn og verða sumarið 2005 gerðar tilraunir í þá átt. Ef vel tekst til mun það bæta möguleika á að spá fyrir um úrkomumagn á suðvesturhorni landsins.

Frá upphafi árs 1991 hefur veðursjái nýst vel við að fylgjast með eldgosum, en unnt er að skoða endurvarp úr allt að 480 km fjarlægð. Þeir anmarkar voru á eldri hugbúnaði að hann „sá“ aðeins upp í 12 km hæð, en með nýja búnaðinum er unnt að skanna upp í a.m.k. 20 km hæð. Þetta reyndist vel við síðasta Grímsvatnagos og eru myndir af gosmekkinum geymdar á aðgengilegu formi til frekari rannsókna.

Gengið var frá samningum síðla árs 2003 við þýska fyrirtækið AMS Gematronik og sænska fyrirtækið Aerotech Telub um uppfærslu veðursjárinnar. Þá varð að samkomulagi við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) að hún greiddi um helming kostnaðar. Við þetta tækifæri var einnig ráðist í að flytja gögn frá veðursjái til Veðurstofunnar í Reykjavík með ADSL-tengingu Landssímans, en áður var notast við beint radiósamband.




„Skilin komin framhjá.“ Viðmót nýja hugbúnaðarins býður upp á marga möguleika fyrir veðurfræðinginn (ljósm.: Guðmundur Hafsteinsson).

OFANFLÓÐAHÆTTUMAT

Eftir mannskaðasnjóflóðin 1995 ákváðu stjórnvöld að verja verulegum fjármunum í að minnka líkur á að slíkar hörmungar endurtaki sig. Þar sem ofanflóð ógna byggð í þéttbýli var ákveðið að verja hana með varnarvirkjum eða flytja byggðina á öruggari stað. Veðurstofunni var falið með lögum að annast gerð hættumats fyrir alla þéttbýlisstaði á landinu sem við þessa vá búa.

Kannaðar voru aðferðir sem notaðar eru við mat á ofanflóða-

henni eða hættu er talin á slíku“. Í reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats er nánar fjallað um matið, hvernig að því skuli staðið og á hverju það skuli byggja. Í reglugerðinni kemur fram að í hættumatinu felist mat á áhættu. Miðað er við svokallaða staðaráhættu sem er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í



Sakleysilegt yfirbragð snjóflóðs á góðviðrisdegi dylur vel þá krafta sem losnuðu úr læðingi þegar flóðið steypist niður hliðina á ógnarhraða (ljósm.: Jón Gunnar Egilsson).

hættu í nokkrum löndum, aðallega í Noregi, Sviss, Austurríki og Kanada. Nokkuð mismunandi aðferðum er beitt, en víðast er miðað við endurkomutíma snjóflóða. Þær aðferðir sem notaðar eru á Íslandi voru þróaðar við Háskóla Íslands og á Veðurstofunni á árunum 1995-1998. Auk snjóflóðahættu er litið til annarra ofanflóða, s.s. krapaflóða, grjóthruns og skriðufalla. Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri hefur komið að mati á skriðuföllum og grjóthruni.

Í lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum er mælt fyrir um að „meta skuli hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri

óstyrktu einbýlishúsi. Á grundvelli metinnar áhættu skal afmarka þrenns konar hættusvæði:

- Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta er á bilinu 0,3 til 1 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er á bilinu 1 til 3 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði C er þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.

Svæði	Neðri mörk staðaráhættu	Efri mörk staðaráhættu	Leyfilegar byggingar
C	$3 \cdot 10^{-4}$	–	Engar nýbyggingar nema frístundahús, og húsnæði þar sem viðvera er lítil.
B	$1 \cdot 10^{-4}$	$3 \cdot 10^{-4}$	Atvinnuhúsnæði má byggja án styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (s.s. fjölbýlishús, sjúkrahús, skóla o.þ.h.) með styrkingum.
A	$0,3 \cdot 10^{-4}$	$1 \cdot 10^{-4}$	Styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (s.s. fjölbýlishús, skóla, sjúkrahús o.þ.h.) og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.

Um hvert svæði fyrir sig gilda síðan mismunandi nýtingarreglur en þær helstu eru sýndar í meðfylgjandi töflu.

Neðri áhættumörkin sem afmarka hættusvæði A eru valin þannig að heildaráhætta fólks sem býr við hana aukist óverulega frá því sem hún væri ef ofanflóðahætta væri engin. Dæmi má taka af barni á aldrinum 1-15 ára. Gera má ráð fyrir að það dvelji um 3/4 hluta sólarhringsins á heimili sínu. Sé staðaráhætta 0,3 af 10.000 á ári svarar það til raunverulegrar áhættu sem er um 0,2 af 10.000 á ári. Til samamburðar eru heildaráhrif líkur barna um 2 af 10.000, þar af vegna slysa um 1 af 10.000. Ofanflóðaáhættan eykur því heildaráhættu barna um 10%.


Þegar hættumat liggur fyrir og hefur verið staðfest af umhverfisráðherra, þarf að bregðast við ef einhver íbúðarhús eru á hættusvæði C. Ýmist er það gert með því að verja byggðina með varnarsvirkjum eða með uppkaupum íbúðarhúsnæðis. Ef byggð er varin með varnarsvirkjum þarf að endurskoða hættumatið eftir að þau hafa verið reist.

Afmörkun hættusvæða á grundvelli áhættu gerir kleift að bera ofanflóð saman við aðrar ógnir og má t.d. geta þess að fjöldi banaslysa í umferðinni svarar til þess að meðaláhætta vegfarenda sé um 1 af 10.000 á ári.


Á árunum 2003 og 2004 var lokið við ofanflóðahættumat fyrir Patreksfjörð, Bíldudal, Flateyri, Ólafsvík og Ólafsfjörð. Í árslok 2004 var hættumat langt komið fyrir Suðureyri, Þingeyri og Súðavík. Áður hafði verið unnið hættumat fyrir Bolungarvík, Ísafjörð, Hnífsdal, Siglufjörð, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Eskifjörð. Hægt er að skoða niðurstöður hættumats fyrir þessa bæi á vef Veðurstofunnar (www.vedur.is/snjoflod/haettumat).

Fyrir liggur að kanna hvort ofanflóðahætta geti verið fyrir hendi á öðrum þéttbýlistöðum og á skipulögðum skíðasvæðum. Þá er eftir að kanna ofanflóðahættu í sveitum landsins.

Þegar búið verður að bregðast við nýju hættumati með varnarsvirkjum eða flutningi byggðar, standa vonir til að líkur á stórum ofanflóðaslysum minnki verulega. Hafa verður í huga að hættumatið og varnarsvirkir eru miðuð við tilteknar forsendur, og víst er að við sérstakar aðstæður geta ofanflóð hegðað sér öðruvísi en reiknað var með. Því mun áfram verða þörf á vökulum snjófirtirlitsmönnum víða um land og Veðurstofan mun áfram þurfa að grípa til ráðgjafar við verstu aðstæður.




Hættumat fyrir Patreksfjörð. Neðri mörk hættusvæða A, B og C eru sýnd með gulum, bláum og rauðum línur. Um 60 íbúðarhús eru á hættusvæði C auk grunnskólans og hluta af sjúkrahúsinu. Eftir er að bregðast við hættumatinu með uppkaupum og varnarsvirkjum.



Hættumat fyrir Flateyri. Neðri mörk hættusvæða A, B og C eru sýnd með gulum, bláum og rauðum línur. Þegar tekið er tillit til áhrifa varnargarðanna ofan byggðarinnar eru engin hús á hættusvæði C. Brotnar línur sýna hættusvæðin án varnargarðanna.

HITAKORT AF ÍSLANDI

Þegar Veðurstofa Íslands var stofnuð árið 1920 erfði stofnunin veðurstöðvanet dönsku veðurstofunnar á Íslandi, en í því neti voru gjarnan 15 til 20 veðurstöðvar. Veðurstöðvum fjölgaði næstu áratugi, og þegar mest var á árunum 1961 til 1990 var hiti mældur samtímis á um 80 stöðvum. Þó mönnum veðurstöðvum hafi fækkað á síðustu áratugum, hefur sjálfvirkum stöðvum fjölgað því meir (mynd 1).



Mynd 1. Veðurstöðvar sem notaðar voru til að gera hitafarskort af Íslandi. Mannaðar stöðvar eru sýndar sem hringir, sjálfvirkar stöðvar sem þríhyrningar.


Kort af hitafari landsins, byggð á meðaltölum árunum 1931 til 1960, voru reiknuð af Jóni Eyþórssyni og Hlyni Sigtryggssyni og gefin út 1971. Þau voru síðan endurbætt af Markúsi Á. Einarsyni 1984.

Nýlega hafa verið útbúin ný kort af hitafari landsins byggð á gögnum árunum 1961 til 1990. Þau gögn sem kortin byggja á koma frá mönnum veðurstöðvum þar sem mælingar voru stundaðar allt þetta 30 ára tímabil. Einnig eru notaðar stöðvar þar sem nokkur ár vantar upp á að mælingar hafi verið stundaðar allt tímabilið, en í þeim tilvikum er tölræðilegum aðferðum beitt við að fá bestu ágiskun á meðalhita hvers mánaðar fyrir tímabilið 1961 til 1990 á viðkomandi stöð. Einnig var brugðið á það ráð að þetta mælinetið með því að nota gögn frá nokkrum sjálfvirkum stöðvum. Þótt sjálfvirkur stöðvarnar hafi ekki verið settar upp fyrr en eftir 1990 þá má nota tölulegt samband mælinga á þeim og nærliggjandi mönnum veðurstöðvum til að meta meðalhita árunum 1961 til 1990.


Þessi gögn voru síðan notuð til að búa til tölræðilegt líkan af meðalhita hvers mánaðar. Líkanið tekur tillit til hnattstöðu stöðvar, hæðar yfir sjó, fjarlægðar frá úthafi og landslags nærliggjandi stöðinni. Með þessu líkani má útbúa kort af meðalhita á landinu fyrir hvern mánuð. Nákvæmni þessara korta er í sumu ábótavant og því eru frávik líkansins frá mælingum á veðurstöðvum brúuð yfir á kort sem er síðan lagt við niðurstöður líkansins, og fæst þá nákvæmara kort af hitafari. Myndir 2 til 5 sýna kort af meðalhita á landinu fyrir janúar, apríl, júlí og október, en kort fyrir hvern mánuð ársins má nálgast á heimasíðu Veðurstofunnar.

Til að leggja mat á óvissuna í þessum kortum var hitagildi ákveðinnar stöðvar sleppt, kortið reiknað á ný, hitinn á stöðinni lesinn af kortinu og borinn saman við mælda hitagildið sem var sleppt. Þegar búið var að gera þetta fyrir allar stöðvar og alla mánuði sýndi dreifing frávika að í meira en 90% tilvika munaði minna en 1°C á kortinu og veðurstöðinni.


Á veðurstöðvum eru einnig sérstakir mælar fyrir bæði hámarks- og lágmarkshita. Nota má sömu aðferðir og hér að ofan til að reikna kort af meðalhámarkshita og meðallágmarkshita hvers




Mynd 2. Meðalhiti á Íslandi í janúar.



Mynd 3. Meðalhiti á Íslandi í apríl.




Mynd 4. Meðalhiti á Íslandi í júlí.




Mynd 5. Meðalhiti á Íslandi í október.

mánaðar. Myndir 6, 7, 8 og 9 sýna meðaltalskort fyrir hámarks- og lágmarkshita í janúar og júlí.


Nýlega var þrúuð á Veðurstofunni aðferð til að reikna út þjala árstíðasveiflu með dagsupplausn frá mánaðar meðaltölum. Dæmi um þetta má sjá á mynd 10, sem sýnir árstíðasveiflu hita í Reykjavík frá 1961 til 1990. Myndin sýnir bæði meðaltal hvers dags,




Mynd 6. Meðaltalskort fyrir hámarkshita í janúar.



Mynd 7. Meðaltalskort fyrir lágmarkshita í janúar.




Mynd 8. Meðaltalskort fyrir hámarkshita í júlí.



Mynd 9. Meðaltalskort fyrir lágmarkshita í júlí.


mánaðarmedaltöl og útreiknaðan þjálán feril sem gefur skýra mynd af árstíðsveiflunni.

Þessari sömu aðferðafræði var beitt á öll mánaðarkortin og þannig búin til dagsmeðalkort af hámarkshita, lágmarkshita og




Mynd 10. Árstíðsveifla hita í Reykjavík. Bláa línan sýnir 30 ára meðaltal hvers dags, rauða línan sýnir útreiknaðan þjálán feril og punkturnir sýna meðalhita hvers mánaðar. Takið eftir að rauði ferillinn fellur ákaflega vel að bláa ferlinum, þó sá fyrri sé einungis reiknaður frá mánaðarmedaltölunum. Græna þverstrikið er dregið á þeim degi þar sem upphlynnunin nær að vera jöfn meðalhlynnun hvers dags frá vetri að sumri. Á veðurstöðvum á landinu er þessi dagur nærri 1. apríl og má því segja að mánaðamót mars og apríl séu hin eðlilegu skil vetrar og vors.

meðalhita. Þessi kort má svo nota til að reikna ýmis kort tengd árstíðsveiflunni. Dæmi um slíkt kort má sjá á mynd 11 sem sýnir dagsetningu miðsumars fyrir landið. Miðsumar er hér skilgreint sem sú dagsetning þar sem þjálán ferillinn fyrir meðalhámarkshitann nær hámarki, en þessi dagsetning endurspeglar vel þann tíma sumarsins sem er hlýjastur.



Mynd 11. Dagsetning miðsumars. Viðast hvar inn til landsins er miðsumarið milli daga 190 til 200, þ.e. frá 9. til 19. júlí. Nær ströndinni er hámarkið síðar og á stöku stað getur munað allt að þremur vikum.

Einnig má nota þessi gögn til að gera kort af gráðudögum. Gráðudagakort, eins og sjá má á mynd 12, eru til margra hluta nýtsamleg og nýtast t.d. við gerð gróðurkorta.




Mynd 12. Kort af gráðugögum miðað við 5°C þröskuld.


SAMFELLDAR GPS-MÆLINGAR Á JARÐSKORPUHREYFINGUM

GPS-landmælingar á Íslandi til að rannsaka jarðskorpuhreyfingar hófust 1986, þ.e. þegar á upphafsárum GPS-kerfisins. Jarðskorpuhreyfingar eru af stærðargráðunni millimetrar til sentimetrar á ári og því þarf sérhæfð GPS-landmælingatæki og sérhæfðan hugbúnað til að mæla þær. Í svokölluðum GPS-netmælingunum, sem stundaðar hafa verið hvað lengst hér á landi, er GPS-loftneti stillt upp yfir fastmerki. Með endurteknum mælingum, á nokkurra mánaða til nokkurra ára fresti, má fylgjast með hvernig staðsetning fastmerkisins breytist við aflögun jarðskorpuhreyfingar. Í samfelldum GPS-mælingum er GPS-landmælingatæki komið varanlega fyrir yfir fastmerki til að fylgjast með hvernig staðsetning þess breytist með tíma og þannig fæst mun betri tímaupplausn en í netmælingum.

Helstu ferli sem valda jarðskorpuhreyfingum á Íslandi eru plötuhræfingar, jarðskjálftar og eldsumbrot. Ísland er á mótum Evrasíu- og Norður-Ameríkuflekanna, sem eru að gliðna í sundur með hraða sem nemur um 2 cm á ári. Hér á landi eru eldgos og jarðskjálftar tíð fyrirbæri og gagnastækinn vel til vöktunar, sér í lagi á eldfjöllum landsins. Mest áhersla hefur verið lögð



Staðsetning samfelldra GPS-stöðva á Íslandi (bláir hringir) og láréttir færsluhraðar þeirra (svartar örvar), miðað við að stöðin í Reykjavík færir sig með föstum hraða með Norður-Ameríkuflekannum. Lóðréttir færsluhraðar stöðvanna eru sýndir með appelsínugulum örvmum og óvissur þeirra táknaðar með gráum svæðum. Gul svæði sýna legu sprungusveima og megineldstöðva eftir flekaskilunum. Upphafsr mælinga er gefið til kynna fyrir valdar stöðvar. Færsluhraðar á SAUD og STOR eru ekki sýndir vegna hversu stutt er síðan mælingar hófust.



Tímaröð hreyfinga á SOHO (Sólheimahéiði við Mýrdalsjökul), miðað við að stöðin í Reykjavík (REYK) sé föst. Upphafsr og lokatími Heklugossins er merktur með H og tímasetning Suðurlandsskjálftanna er merkt J.

á vöktun Kötlu, þar sem GPS-mælingar sýna án vafa að eldfjallið er að tútna út vegna aukins kvikuþrýstings.

Nokkur þúsund GPS-stöðvar til samfelldra mælinga eru starfræktar í heiminum í dag. Þær gegna fjölbættum tilgangi til viðbótar því að mæla jarðskorpuhreyfingar. Fyrsta stöðin til samfelldra GPS-mælinga á Íslandi var sett upp í Reykjavík í nóvember 1995 af Þýsku landmælingastofnuninni (BKG) í samstarfi við Landmælingar Íslands. Frá árinu 1999 hefur Veðurstofa Íslands rekið kerfi samfelldra GPS-mælinga, ISGPS-kerfið, til eftirlits og rannsókna á jarðskorpuhreyfingum. Alls voru 18 stöðvar í rekstri á landinu í árslok 2004 og rak Veðurstofan 15 þeirra. ISGPS-kerfið er samstarfsverkefni Veðurstofunnar, Norræna eldfjallasettursins, Jarðvísindastofnunar Háskólans og Háskólans í Savoie í Frakklandi.

Uppbygging kerfisins hefur haldið áfram eftir upphafsátakið árið 1999, og árið 2004 bættust 2 nýjar stöðvar í hópinn: SAUD (Sauðaárháls við Kárahnjúka) og STOR (Stórolfshvoll við Hvolsvöll). Auk þess er unnið að tilraunauppsetningu mælitækja við Heklu og á Grímsfjalli. Á Grímsfjalli eru aðstæður til mælinga sérlega erfiðar m.t.t. ísingar, auk þess sem gagnaflutningur og rafmagnsframleiðsla eru krefjandi viðfangsefni. GPS-tækin safna mælingum frá gervitunglum í innra minni og eru gögnin sótt sjálfvirkir einu sinni á sólarhring. Unnið er jafnóðum úr gögnunum miðað við ákveðna viðmiðunarstöð (REYK) og niðurstöður birtar á vef Veðurstofunnar.

Út frá tímaröðum mælinganna eru færsluhraðar stöðvanna reiknaðir og ber þeim í meginatriðum vel saman við áætlaðan gliðunarhraða flekaskilanna. Gliðnun landsins fer að mestu fram á eystra gosbeltinu en vestra gosbeltið virðist lítt virkt. Suðurlandsskjálftarnir í júní 2000 ollu vel mælanlegum færslum á stöðvunum. Þótt hreyfingarnar væru smáar á fjarlægum stöðvum þá voru færslur vegna megin skjálftanna beggja vel aðgreinanlegar, en nær hálfur fjórði sólarhringur leið milli skjálftanna. Síðar kom í ljós að færslur

SAMFELLDAR GPS-MÆLINGAR Á JARÐSKORPUHREYFINGUM



Unnið að uppsetningu stöðvarinnar á Raufarhöfn (RHOF) (ljósm.: Halldór Geirsson).

ur á vestustu stöðvunum (t.d. VOGS) orsökduðust að nokkru leyti af skjálftum við Kleifarvatn sem Suðurlandsskjálftarnir árið 2000 komu af stað.

Frávik frá þeim færsluhröðum sem búast má við vegna plötuhreyfinga mælast við Kötlu og nálægt miðju flekaskilanna. Flekaskilin eru ekki skörp í þeim skilningi að gliðnunin fari fram á stakri sprungu, heldur dreifist hún yfir svæði sem er um 100 km á breidd. Færslur stöðva við Mýrdalsjökul benda til þess að kvikuþrýstingur undir Kötlu sé að aukast. Stöðin á Sólheimahéiði (SOHO) er um 5 km suðvestur af öskjubrún Kötlu og færast út frá öskjunni. GPS-netmælingar á öskjubrúninni og í kringum Mýrdalsjökul styðja þessar niðurstöður. Nauðsynlegt er að fylgjast grannt með jarðskorpuhreyfingum við Kötlu í framtíðinni og í því samhengi mun SOHO gegna lykilhlutverki.

Heklugosið í febrúar 2000 kom vel fram á SOHO og einnig vottaði fyrir því á HVOL (Láguhvolum) þrátt fyrir að stöðvarnar séu í yfir 50 km fjarlægð frá Heklu. Færslurnar voru í átt að Heklu og eru í samræmi við þrýstímínnkun í kvikuþrónni undir fjallinu. SOHO færðist um 7 mm í átt að Heklu á meðan á gosinu stóð. Kvikusöfnun fyrir eldumbrot getur orðið á mismunandi dýpi, og ef kvikusöfnun verður nógu djúpt í jarðskorpunni (á meira en 8-15 km dýpi), þar sem skorpan er orðin tiltölulega deig, þá er mögulegt að kvika nái að safnast fyrir án þess að þess verði vart með öðrum mælingum en mælingum á jarðskorpuhreyfingum. Þrýstingsbreytingar vegna kvikusöfnunar valda þá ekki mælanlegum jarðskjálftum ef kvikusöfnunin er á nógu miklu dýpi, heldur verður aflögunin með hægum og hljóðum hætti. Það eru ákveðnar vísbendingar úr samfellda GPS-kerfinu um að þetta hafi einmitt gerst skömmu fyrir Heklugosið 2000 og að hugsanlega megi með hjálp samfelldra GPS-mælinga vara við Heklugosum með lengri fyrirvara en hægt hefur verið hingað til.

Samfellda mælinetið tekur til stærra svæðis plötuskilanna á Íslandi en einstök rannsóknarverkefni hafa náð til. Um lóðréttar hreyfingar utan eldfjalla hefur lítið verið ritað, en samfelldu mælingarnar benda til þess að umtalsverðar lóðréttar hreyfingar séu á Íslandi. Þannig er Reykjavík að síga um u.þ.b. 3 mm á ári, en meginhluti landsins virðist vera að rísa með yfir 2 cm hraða á ári

inn til landsins. Unnið er að frekari rannsóknunum, en vísbendingar eru um að breytingar á jökulfargi eigi drjúgan þátt í færslunum.

Staðsetja verður GPS-mæla haganlega til að mæla aflögun. Samfelldu stöðvarnar eru það fáar að þær gefa ekki fullnægjandi mynd af jarðskorpuhreyfingum á Íslandi. Æskilegt væri að fjölga stöðvum til að fylgjast betur með eldfjöllum og plötuhreyfingum, en ljóst verður að viðbótarmælinga verður alltaf þörf til að rannsaka betur þær hreyfingar sem mælast. Veðurstofan tekur þátt í ýmsum mælingum á jarðskorpuhreyfingum í sam-

starfi við aðrar stofnanir. Má þar nefna hallamælingar og GPS-netmælingar á hreyfingum fastmerkja víðsvegar um landið. Mælingarnar miða að því að auka skilning á þeim ferlum sem valda jarðskorpuhreyfingum og bæta vöktun á jarðvá. Þannig hefur Veðurstofan unnið í nánu samstarfi við Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskólans að GPS-mælingum á punktum við Kötlu og Grímsfjall til að fylgjast með hversu hratt kvika er að safnast fyrir í rótum eldstöðvanna.

Hlutverk ISGPS-kerfisins í vöktun jarðskorpuhreyfinga er mikilvægt. Katla á eftir að bæra á sér fyrr eða síðar og því er mikilvægt að fylgjast vel með skorpuhreyfingum þar. Gögn frá stöðvunum eru nýtt af ýmsum fagaðilum, t.d. sem viðmiðun við nákvæmniskortlagningu. ISGPS-kerfið hefur réttlætt tilvist sína og spennandi verður að fylgjast með næstu atburðum sem mælast.



Hrim á GPS-loftnetinu á Skrokköldu (SKRO) (ljósm.: Halldór Geirsson).

SPÁDEILD — SÍFELLD VÖKTUN Á VEÐUR- OG JARÐVÁ

Í nýju skipuriti Veðurstofunnar var öll starfsemi sem tengist veðri og vöktun á því í rauntíma sameinuð í einni deild, Spádeild, en hún er ein af deildum Veðursviðs. Flestir starfsmenn Spádeildar eru vakthafandi veðurfræðingar og eftirlitsmenn, en einnig starfa á deildinni verkefnisstjórar flugþjónustu, hafíss og snjóflóðavöktunar.



Mynd 1. Spásvæðaskipting fyrir mið og djúp í kringum landið.



Mynd 2. Íslenska flugumsjónarsvæðið.

Helsta verkefni ársins 2004 var endurskipulagning vaktakerfis og vinnuútlögunar vakthafandi veðurfræðinga og eftirlitsmanna. Vakt er á Spádeild allan sólarhringinn árið um kring. Á sólarhringsvaktinni er einn veðurfræðingur og einn eftirlitsmaður. Virka daga taka fleiri þátt í starfi vaktarinnar og einnig þegar mikill álag er utan hefðbundins vinnutíma, s.s. þegar veður er vont, snjóflóðahætta til staðar, eldgos stendur yfir eða mikill hafís á ferð.


Viðamesta verkefni Spádeildar er gerð almennra veðurspáa fyrir landið, miðin og djúpmiðin umhverfis landið (mynd 1). Flugveðurspá er gefin út fyrir nokkra flugvelli landsins, og einnig veðurhorfur með tilliti til flugveðurs milli landshluta (tafla 1). Auk flugveðurspánna eru viðvaranir gefnar út fyrir flugumsjónarsvæði Íslands (mynd 2) vegna mikillar ísingar, kviku eða gosösku. Veðurstofan sér um viðvaranir fyrir flug ofan 19500 feta hæðar yfir Grænlandi, en danska veðurstofan sér um viðvaranir frá yfirborði jarðar upp í 19500 feta hæð.

Við gerð veðurspáa eru notaðar niðurstöður veðurreiknilíkana. Veðurstofan hefur aðgang að nokkrum slíkum. Á árinu 2004 hófust í samstarfi við Reiknistofu í veðurfræði og Harald Ólafsson prófessor tilraunakeytslur á líkani með hárrí upplausn sem hafa reynst vel. Líkanið er svokallað MM5-líkan, sem hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum, Háupplausnar-Reikningar til Almennrar Spágerðar (e. *High-Resolution Atmospheric Simulations*), skammstafað HRAS. Það hefur 9 km lárétta upplausn, sem hefur mikið að segja fyrir nákvæmni líkansins. Því finni upplausn sem veðurreiknilíkon hafa því nákvæmari verða niðurstöður þeirra. Önnur líkon sem Veðurstofan hefur notað til þessa eru með um 50 km upplausn. Þróunarvinna við aðlögun líkansins að íslenskum aðstæðum hófst í byrjun árs 2003. Auk Veðurstofunnar styrkja Vegagerðin, Siglingastofnun og Flugmálastjórn verkefnið fjárhagslega. Mesti ávinningur þessa líkans er hversu vel það sýnir vindstrengi sem sjást ekki í líkonum með grófarri upplausn. Myndir 3 og 4 sýna niðurstöður HRAS-líkansins varðandi vindátt, vindhraða og hitastig yfir landinu. Þróun líkansins verður haldið áfram og eru næstu skref m.a. að setja upp enn finni upplausn eða 3 km í stað 9 km. Þessi breyting mun eflaust leiða af sér enn nákvæmari spár, einkum fyrir vindstyrk og vindstrengi.


Tölfræðileg úrvinnsla veðurgagnanna frá reiknilíkonunum gefa mikilvægar upplýsingar í sambandi við gerð veðurspáa. Mynd 5 sýnir spáskort frá einu veðurlíkani þar sem tölfræðileg-

Veðurspár	Fjöldi á sólarhring
Stutt spá fyrir landið, 36 klst. fram í tímann	8
Landspá, 36 klst. fram í tímann	5
Spá fyrir landið næstu daga	2
Sjóspá fyrir miðin næstu 24 til 36 klst.	6
Sjóspá fyrir djúpin næstu 24 til 36 klst.	6
Spá fyrir miðin næstu daga	2
Helgarveðrið fyrir landið	1 (frá miðvikudegi til föstudags)
Spá fyrir 4 aðalflugvelli landsins	8
Spá fyrir 5 minni flugvelli landsins	5 (að degi til)
Flugveðurskiyrði yfir landinu	3 (að degi til)

Tafla 1. Veðurspár gerðar á Spádeild.



Mynd 3. Reiknaðar vindspár úr HRAS-líkaninu.



Mynd 4. Reiknaðar hitaspár úr HRAS-líkaninu.

um aðferðum hefur verið beitt fyrir hita og vindstyrk. Verulegt rannsóknar- og þróunarstarf hefur verið unnið á þessu sviði. Gæðaeftirlit með spánum er nú gert daglega og eru niðurstöður mismunandi líkana einnig bornar saman. Þannig getur veðurfræðingur fylgst með gæðum þeirra og hvaða veðurlíkan hefur staðið sig best undanfarna daga. Þetta þróunar- og rannsóknarverkefni er unnið í samvinnu við Rannsóknar- og þróunardeild.

Þrátt fyrir að reiknilíkon og gæði þeirra séu mikilvægur þáttur í gerð veðurspáa eru veðurmælingar og gæði þeirra einnig stór þáttur í veðurspám, sérstaklega þegar litið er til skammtíaspáa (e. *nowcasting*). Mynd 6 sýnir kort yfir mælingar frá nokkrum stöðum á landinu. Mælingadeild Eðlisfræðisviðs sér um uppsetningu og viðhald allra veðurstöðva Veðurstofunnar.

Mikið samstarf er milli Spádeildar og annarra deilda Veðurstofunnar og er það nauðsynlegt við þá veður- og jarðskjálftavöktun sem Spádeild sér um. Hér að framan var þess getið að vaktstjóri snjóflóðavaktar er starfsmaður Spádeildar. Auk hans sinna snjóflóðavaktinni fjórir aðrir starfsmenn Veðursviðs í hlutastarfi, 7 mánuði á ári, en náið samstarf er við Mælingadeild Eðlisfræðisviðs og snjóeftirlitsmenn úti á landi. Frá 16. október til 15. apríl ár hvert er snjóflóðavakt starfandi og er sú starfsemi í náninni samvinnu við vakthafandi veðurfræðinga Spádeildar.



Mynd 5. Spáskort þar sem tölræðilegum aðferðum hefur verið beitt fyrir hita og vindstyrk.




Mynd 6. Kort yfir mælingar frá nokkrum stöðum á landinu.

